

Nr. 018 /14 Nökkvi ÞH 27***Skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 1622 IMO nr. 8021737
Smíðaður: Ísafirði 1982 stál
Stærð: 179,82 brl. 250,58 bt.
Mesta lengd: 28,89 m Skráð lengd: 26,90 m
Breidd: 7,24 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Grenaa 659 kW 1981
Fjöldi skipverja: 5



Nökkvi ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. mars 2014 var Nökkvi ÞH 27 á veiðum með rækjutroll á Gullhól um 20 sml. vestur af Malarriði. Veður: SV 16 -18 m/sek., sjór: 6 m. á öldudufli.

Eftir að síðasta hal hafði verið tekið inn voru skipverjar að sjóbúa veiðarfærin á meðan lensað var á hægri ferð. Einn skipverji var inni á togþilfarinu og húkkaði fremri gilsinum í bakstroffuna til þess að hægt væri að strekkja í hlerann og stöðva slátt. Mikið ólag skall þá á skutnum sem kastaði skipinu á hliðina en við það sveiflaðist hlerinn til svo bakstroffukeðjan lenti í baki skipverjans.

Slasaða var hjálpað inn og haldið til hafnar strax og sjóbúnaði lauk. Skipstjóri hafði samband við VSS og fékk leiðbeiningar um meðferð slasaða.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist halda að hlerinn hafi fallið aðeins (1-1,5 metra) en hann hafi þá séð í hvað stefndi. Ætlaði hann að stinga sér út um hliðið á lunningunni en keðjan lenti þá yfir mjóbak hans og kastaði honum út í ganginn aftan við togspilið;
- að sögn fyrrverandi yfirvélstjóra varð hann var við að bremsurnar vildu ekki halda í einstaka tilfellum og átti hlerinn þá til að falla aðeins niður áður en bremsurnar héldu byrðinni (sem hann mat 5%). Hann sagðist ekki hafa fundið ástæðuna en í byrjun hvers túrs hafi hann alltaf endurræst búnaðinn og það virtist skila árangri;

- að yfirvélstjóri sagðist einnig hafa orðið var við að bremsan héldi ekki. Hann hafi fengið leiðbeiningar um stillingar á bremsunum og hert upp á átaksstillingu þeirra. Eftir það hafi þær virkað eins og til var ætlast og búnaðurinn væri í góðu ástandi í dag;
- að hliðstætt mál nr. 149/10 hefur verið afgreitt frá nefndinni.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að mikið ólag kom á skipið sem olli því að mikill sláttur kom á bakstroffukeðjuna við fall á hlera.